


|                   |                                     |   |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b> |  |
| Útgáfa: 07        |                                     |   |
| Dags.: 08.04.2010 |                                     |   |
| Höfundur: GLÁ     |                                     |   |
| Samþykkt: HJS     | <b>ENS423</b>                       |   |
| Síða 1 af 1       | <b>Kennsluáætlun 2011-1</b>         |   |

|                |                  |               |     |
|----------------|------------------|---------------|-----|
| <b>Kennari</b> | Baldvin Ringsted | <b>Sk.st.</b> | BAR |
|----------------|------------------|---------------|-----|

**Áfangalýsing:** Unnið með vísindatengt efni á ýmsan máta. Verkefni, þýðingar, kynningarverkefni ofl. Nemendur gera stíla og þýðingarverkefni, unnið með málfræði, t.d. orðflokka, orð af erlendum uppruna osfrv. Ein skáldsaga er lesin og krufin til mergjar. Unnið verður með ákveðin þemu, t.d. jarðvísindi eða sjúkdómaheiti og tengt við kynningarverkefni nemenda eftir því sem efni standa til.

**Markmið:** Að auka orðaforða á sviði vísinda, að auka færni nemenda í framsetningu og skipulögðum vinnubrögðum.

**Námsgögn:** *Carrie* e. Stephen King, efni frá kennara

**Áætlun um yfirferð:** Eftir miðja önn flytja nemendur kynningu á viðfangsefni sem tengist lesefni áfangans. Kaflapróf úr lestextum tekið um miðja önn. Að öðru leyti verður um jafna yfirferð að ræða á skáldsögu og verkefnum frá kennara.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsþáttur  | Vægi % | Nánar   |
|---|--------|---|
| Verkefni úr <i>Carrie</i>                         | 15 %   | Kaflapróf   |
| Kynningarverkefni                                 | 15%    | Nemendur kynna ákveðið málefni tengt lesefni                |
| Önnur skilaverkefni þ.m.t. Kaflapróf úr lesköflum | 20 %   | Stílar, þýðingar og annað sem nemendum ber að skila af sér. |
| Lokapróf  | 50 %   | Skriflegt lokapróf í maí                                    |
| Samtals   | 100 %  |   |

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, geti hann sýnt fram á réttmæt forföll. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í annareinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn ná einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á prófi.

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils